

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

| | |
|-----------------------|-------|
| Umhverfisstofnun | |
| Áb. | _____ |
| 04 MAI 2010 8.14.0 | |
| Tilv. | _____ |



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. maí 2010
Tilvísun: UST20100400070/hj

Jarðgerð Gámaþjónustunnar hf . Berghellu 1, Hafnafirði – umsögn um matskyldu

Við er í bréf Skipulagsstofnunar dags. 14. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd sé matskyld.


Í tilkynningu fyrirtækisins kemur fram að 2009 var heildarmagn efnis sem notað var til jarðgerðar 1.487 tonn sem skiptist þannig:


| | |
|--------------|--------------------------------------------------------------------|
| Gras: | 72 tonn |
| Trjágreinar: | 95 tonn |
| Hrosstað: | 324 tonn, berst eingöngu á veturna |
| Lífrænt: | 996 tonn, ávextir, grænmeti, eldaður úrgangur sem berst allt árið. |

Lífrænn úrgangur fer beint í sérstakt lager síló og þaðan í jarðgerð eftir þörfum. Fram kemur að jarðgerðin loftháð og er loft frá jarðgerðagámum sogað í gengum biofilter gerðu úr timburflís og fangar lykt frá ferlinu. Vatni er safnað í setþró og síðan leitt út í umhverfið. Við eftirmeðferð kemur smálykt en frá apríl 2010 fer eftirmeðferðin fram á gamla Pattersonflugvællinum í Keflavík. Einnig kemur fram að ekki sé tekið á móti sláturúrgangi, hráu kjöti eða hráum fiski til jarðgerðar. Jarðgerðarstöðin er staðsett á svæði þar sem skipulag gerir ráð fyrir grófustu tegund iðnaðar.

Helstu vandamál sem geta komið upp við jarðgerð eru lykt og mengað vatn, auk þess að fok getur átt sér stað ef ekki er gengið nægalega vel um svæðið. Samkvæmt lýsingum fyrirtækisins er tekið á öllum þessum þáttum og jafnframt sem að eftirmeðferð hefur verið flutt á annan stað. Umhverfisstofnun vekur athygli á að ganga verður úr skugga um að það vatn sem leitt er út í umhverfið valdi ekki skaða, en á slíku er tekið, ásamt öðrum þáttum sem snúa að mengun frá starfsemi, við útgáfu starfsleyfis sem og því magni sem jarðgera má.

Í ljósi ofanritaðs telur Umhverfisstofnun að framkvæmdum muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Viðingarfylst

Helgi Jónsson
ráðgjafi


Hjalti J. Guðmundsson
sviðsstjóri